

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 66/2004**

**frá 26. apríl 2004**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn,**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2003 frá 11. júlí 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2317/2003/EB frá 5. desember 2003 um að koma á fót áætlun um að auka gæði æðri menntunar og efla skilning á annarri menningu með samvinnu við þriðju lönd (Erasmus Mundus áætlunin) (2004 til 2008) <sup>(2)</sup>.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2004.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Ákvæði 4. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir málsgrein 2g:

„2h. EFTA-ríkin skulu taka þátt í eftirfarandi áætlun frá 1. janúar 2004:

- **32003 D 2317:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2317/2003/EB frá 5. desember 2003 um að koma á fót áætlun um að auka gæði æðri menntunar og efla skilning á annarri menningu með samvinnu við þriðju lönd (Erasmus Mundus áætlunin) (2004 til 2008) (Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 1).“

2. Í stað texta 3. mgr. komi eftirfarandi:

„EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í mgr. 1, 2, 2a, 2b, 2c, 2d, 2e, 2f, 2g og 2h í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2004.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 23.10.2003, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 1.

(\*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

*P. Westerlund*

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Ø. Hovdkinn*                      *M. Brinkmann*